

Föstudaginn 4. nóvember 1966.

Nr. 203/1966. **Ríkisútvarpið** (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn

**Félagi sjónvarpsáhugamanna í Vestmanna-
 eyjum og gagnsök** (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögbannsmál. Fjarskipti. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. september 1966 og gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði, að öðru en tekur til ómerkingar á ummælum, felldur úr gildi og „lagt verði fyrir fólgeta að leggja lögbann við starfrækslu endurvarpsstöðvar fyrir útvarp (sjónvarp) á Stóra Klifi í Vestmannaeyjum, sem þar fer fram á vegum stefnda.“ Aðaláfrýjandi krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir fólgetadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu 21. október 1966. Hann krefst þess, að staðfest verði það ákvæði fólgetadóms, að hin umbeðna lögbannsgerð skuli ekki fram fara, að felld verði úr gildi ómerking ummæla og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir fólgetadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi lét í júlímánuði 1966, að því er ætla verður, setja upp á leigulóð póst- og símamálastjórnarinnar á Stóra Klifi í Vestmannaeyjum búnað til að veita viðtöku sjónvarpsefni frá Bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og endurvarpa því til manna í Vestmannaeyjum. Telur Ríkisútvarpið, sem ber undir menntamálaráðherra, að atferli þetta brjóti í bág við einkarétt þess til útvarpsrekstrar á Íslandi samkvæmt 1. gr. laga nr. 68/1934. En lög þessi geyma engin ákvæði, sem heimfæra megi sjónvarp varnarliðsins eða endurvarp frá því undir. Heimild til rekstrar þess og endurvarps frá því verður að sækja í 3. og 10. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti, sem eru yngri lög en lög

nr. 68/1934 og m. a. heimila póst- og símamálaráðherra að veita „einstökum mönnum, félögum eða stofnunum“ rétt til „að stofna og reka fjarskiptavirki“ hér á landi, sbr. og lög nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu Bandaríkjanna og eignir þess. Ríkisútvarpið á því eigi aðild máls þessa. Að þessu athuguðu ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ríkisútvarpið, greiði gagnáfrýjanda, Félagi sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum, málskostnað í Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Vestmannaeyja 6. september 1966.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. september s.l., kom fyrir fógetaréttinn 24. ágúst s.l.

Í málinu hefur gerðarbeiðandi, Ríkisútvarpið, gert þær réttarkröfur, að lagt verði lögbann við starfrækslu endurvarpsstöðvar fyrir útvarp (sjónvarp) í Vestmannaeyjum á Stóra Klifi á ábyrgð gerðarbeiðanda, en kostnað gerðarþola. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati fógeta.

Gerðarþoli, Félag sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum, gerir þær réttarkröfur, að umbeðið lögbann nái ekki fram að ganga og að gerðarþola verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að fyrir um tveim mánuðum voru sett upp tæki að tilhlutan gerðarþola á Stóra Klifi í Vestmannaeyjum til að veita móttöku sjónvarpsútsendingum Bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og endurvarpa þeim til manna í Vestmannaeyjum.

Tæki þau, er hér um ræðir, voru viðtökuloftnet og sendiloftnet ásamt fjórum mögnurum, sem tengdir eru í línu á milli loftnetanna. Fyrir uppsetningu tækjanna hafði nokkrum mönnum,

er búa sunnanvert á Heimaey, tekizt að ná sjónvarpsmyndum á tæki sín beint frá stöð varnarliðsins, en með uppsetningu tækjanna var mönnum í kaupstaðnum almennt gert kleift að ná útsendingunum á sjónvarpstæki sín.

Tæki þessi voru sett upp á leigulóð póst- og símamálastjórnarinnar á Stóra Klifi og lína til magnaranna tengd við rafmagnslínu Landssímans í húsi hans á Klifinu. Ekki var fengið leyfi til þessara framkvæmda hjá póst- og símamálastjórn né símstöðvarstjóranum í Vestmannaeyjum.

Póst- og símamálastjórn hefur í sérstöku máli krafizt þess, að tæki gerðarþola yrðu fjarlægð af leigulóð hennar með útburðargerð.

Þá var lokað fyrir rafmagn til tækjanna frá rafstreng Landsímans að kröfu gerðarbeiðanda.

Hinn 22. júlí gerði bæjarstjórn Vestmannaeyja ályktun þess efnis, að umráð rafstrengs þess, sem tæki gerðarþola fá rafmagn frá, en hér er um að ræða lágspennujarðstreng, vararafstreng, vegna stuttbylgjustöðvar á Klifinu, skyldu vera í höndum Rafmagnsveitu Vestmannaeyja skv. ákvæði í reglugerð rafveitunnar. Jafnframt heimilaði bæjarstjórn rafveitunni að selja gerðarþola rafmagn eftir þörfum.

Gerðarþoli fékk nú rafstraum til tækja sinna á ný úr þessum jarðstreng, og var tengt inn á strenginn nokkuð fyrir neðan fjallsbrún á Klifinu.

Póst- og símamálastjórnin mótmælti töku þessari á vararafstrengnum á Stóra Klifi sem ólöglegri í símskeyti til bæjarstjórnar Vestmannaeyja 5. ágúst s.l. og krafðist fyllstu afnota af rafstrengnum.

Með bréfi, dagsettu 20. júlí s.l., fór Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra þess á leit við Ríkisútvarpið, að það léti þegar í stað rannsaka, hvort einstaklingar hefðu komið á fót endurvarpsstöð til sjónvarpssendinga eða vísi að slíkri stöð í Vestmannaeyjum og notað í því skyni tæknibúnað Landssímans þar á staðnum og þannig brotið gegn einkaleyfi Ríkisútvarpsins til sjónvarpssendinga.

Í framhaldi af þessu gerði útvarpsráð á fundi sínum 26. júlí s.l. ályktun um málið, þar sem útvarpsráð minnir á að gefnu tilefni, að samkvæmt íslenskum lögum hafi enginn aðili annar en Ríkisútvarpið í umboði ríkisstjórnarinnar og Alþingis heimild til að láta reisa endurvarpsstöðvar í landinu.

Hinn 28. júlí sendi Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri sím-

skeyti til Braga Björnssonar sem formanns Félags sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum, þar sem ítrekað er, að endurvarpsstarfsemi sú á sjónvarpi, sem fram fari í Vestmannaeyjum, sé brot á 1. gr. laga um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68/1934 og lagt svo fyrir, að þessari starfsemi verði hætt þá þegar. Jafnframt kynnti útvarpsstjóri honum ályktun útvarpsráðs um málið.

Sama dag sendir Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri símskeyti til forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyja svipaðs efnis og fer þess á leit við bæjarstjórn Vestmannaeyja, að bæjarstjórnin geri viðeigandi ráðstafanir til að stöðva starfsemina, meðal annars með því að rjúfa rafstraum til tækjanna, sem til starfseminnar eru notuð.

Óvíst er, hvort bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi svarað tilmælum útvarpsstjóra, en Bragi Björnsson svaraði honum með símskeyti 29. júlí á þá leið, að engin starfsemi færi fram í Vestmannaeyjum á vegum Félags sjónvarpsáhugamanna, er færi í bág við tilvitnað lagaákvæði í skeyti útvarpsstjóra.

Næst er það, að 5. ágúst skorar póst- og símamálastjórnin á Sigurberg Hávarðsson, útvarpsvirkjameistara í Vestmannaeyjum, í símskeyti þann dag að nema þegar á brott þau tæki, sem hann hafi án leyfis sett upp á leigulóð póst- og símamálastjórnarinnar á Stóra Klifi og starfrækt þar.

Þar sem framangreindum tilmælum gerðarbeiðanda var eigi sinnt, leitaði hann til fógetaréttarins um lögbannt við starfseminni.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að nefnd endurvarpsstarfsemi sé brot á einkarétti gerðarbeiðanda til útvarpsrekstrar og brot á 1. gr. laga nr. 68/1934 um útvarpsrekstur ríkisins, sbr. 10. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti, svo og ákvæði 1. gr. reglugerðar um útvarpsrekstur ríkisins nr. 28/1958. Lítur gerðarbeiðandi svo á, að hugtakið útvarp taki til flutnings tals, tóna og mynda, þannig að hugtökin hljóðvarp og sjónvarp felist hvort tveggja í því. Orðið útvarp sé þýðing á enska orðinu „broadcasting“, sem nái til flutnings til almennings á hljóðvarpi og sjónvarpi („television“) með rafstraumum og rafsveiflum samkvæmt alþjóðareglugerðum, sem settar eru samkvæmt alþjóðafjarskiptasamningnum frá 1959, sem Ísland er aðili að samkvæmt auglýsingu nr. 61/1960 um fullgildingu hans. Þá sé samkvæmt þessum samningi orðið „radio“, þ. e. útvarp, skírgreint sem „a general terms applied to the use of radio waves“. Samkvæmt þessu telur gerðarbeiðandi, að hugtakið sjónvarp falli

undir hugtakið útvarp í skilningi 1. gr. laga nr. 68/1934, enda hafi gerðarbeiðandi nú um alllangt skeið undirbúið að fyrirmæli um menntamálaráðuneytisins sjónvarpsstarfsemi á grundvelli 1. gr. 1. nr. 68/1934, án þess að talin hafi verið þörf á sérstakri lagasetningu um sjónvarp annarri en fjárlagaákvæðum. Íslenska sjónvarpið verði deild í Ríkisútvarpinu og yfirmaður sjónvarpsdeildar lúti yfirstjórn útvarpsstjóra. Telur gerðarbeiðandi, að með þessu hafi löggjafarvaldið látið í ljós sama skilning á þessu máli og gerðarbeiðandi.

Gerðarþoli reisir kröfur sínar á því, að skv. 16. gr. laga nr. 68/1934 skuli með brot á þeim lögum fara að hætti opinberra mála, en engin rannsókn fyrir sakadómi hafi farið fram og álits sérfræðinga ekki verið aflað á þeim tækjum, er gerðarþoli lét setja upp á Stóra Klifi.

Þá heldur hann því fram, að alþjóðafjarskiptasamningurinn, er gerður var í Genf 1959, sbr. auglýsingu nr. 61/1960 um fullgildingu Íslands á honum, hafi ekki lagagildi hér á landi, þar sem hann hafi ekki verið birtur á íslensku, sbr. 27. gr. stjórnskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 7. gr. laga nr. 64/1943.

Þá telur gerðarþoli, að Ríkisútvarpið sé ekki réttur aðili að máli þessu, þar sem lög nr. 68/1934 séu eingöngu um Ríkisútvarpið, Útvarp Reykjavík, og starfsemi þess og fyrirkomulag og endurvarpsstöðvar, sem minnzt er á í lögunum, eigi eingöngu við Ríkisútvarpið.

Telur gerðarþoli, að lög, sem samin eru 1934, þegar Ríkisútvarpið var stofnað, geti ekki átt við sjónvarpsstarfsemi, sem rekin sé af Bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli 1966, þar sem sjónvarp muni hafa verið óþekkt fyrirbæri 1934.

Samkvæmt þessu telur gerðarþoli skilyrði til lögbanns ekki vera fyrir hendi, sbr. 26. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, þar sem athöfn sú, er banna á, verði að fela í sér réttarbrott gagnvart lögbannsbeiðanda, sbr. orðin „er raskar eða raska myndi með ólöglegum hætti rétti gerðarbeiðanda“.

Lítur gerðarþoli svo á, að starfsemi gerðarþola á Stóra Klifi sé gerðarbeiðanda óviðkomandi, þar sem brot á fjarskiptalögum heyrir undir símamálastjórn, en ekki útvarpsstjóra eða menntamálaráðuneytið.

Rétturinn lítur svo á, að ákvæði laga nr. 68/1934 og nr. 30/1941, um að með brot á þeim lögum skuli fara að hætti opinberra mála, séu því eigi til fyrirstöðu, að þeim, sem telja rétt

sinn samkvæmt þeim skertan, sé heimilt að leita til fógetaréttar með beiðni um lögbann, svo sem gerðarbeiðandi hefur gert í þessu tilviki. Auk þess telur rétturinn, að eðli þeirra tækja, er gerðarþoli hefur látið setja á Stóra Klifi, sé nægilega upplýst, til þess að rétturinn leggi úrskurð á málið.

Þá lítur rétturinn svo á, að spurningin um lagagildi alþjóða-fjarskiptasamningsins frá 1959 komi ekki til með að ráða úrslitum máls þessa, og tekur rétturinn það atriði því ekki til úrskurðar sérstaklega.

Undanfarið hefur Ríkisútvarpið að fyrirlagi menntamálaráðuneytisins undirbúið íslenska sjónvarpsstarfsemi, að því er virðist með þeim skilningi, að heimildir Ríkisútvarpsins samkvæmt 1. gr. laga nr. 68/1934 með tilliti til útvarpsrekstrar tækju sjálfkrafa til sjónvarpsrekstrar.

Vegna þessara framkvæmda hefur og verið stofnsett sérstök sjónvarpsdeild innan Ríkisútvarpsins og fé veitt til þess í fjárlögum 1964 og síðan.

Sýnist því Alþingi með þessu hafa lýst þeim skilningi sínum, að eigi væri þörf á sérstakri lagasetningu vegna stofnunnar íslensks sjónvarps.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30/1941 eru fjarskipti hvers konar fjarflutningur tákna, merkja, skriftar, mynda og alls konar hljóða eftir vírum, rafgeislum (radio) eða með öðrum kerfum eða aðferðum, hvort sem eru rafmagns eða sjónmerkja (semafor), og fjarskiptavirki, hvers konar taugar, tæki, tækjahlutar, búnaður o. þvl., sem er sérstaklega ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar, viðtöku eða til þess að að flytja aðkomin merki áfram.

Eftir þessu er tvímælalaust, að tæki þau og búnaður, er gerðarþoli hefur látið setja upp á Stóra Klifi, eru fjarskiptavirki og starfsemi þeirra fjarskipti í skilningi laga nr. 30/1941.

Með 2. gr. laganna um fjarskipti er ríkinu veittur einkaréttur á að stofna og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annarra slíkra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt, og enn fremur til að setja upp hvers konar fjarskiptavirki. Nær einkaréttur ríkisins því jafnt til útvarps, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 68/1934, þar sem ríkisstjórninni er veittur einkaréttur til að reka útvarp á Íslandi, og sjónvarps og endurvarps þess, og

skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort hugtakið sjónvarp rúmist í hugtakinu útvarp eða eigi.

Nú hefur póst- og símamálastjórninni verið með 10. gr. fjar-skiptalaga verið falið að annast framkvæmd á einkarétti ríkis-ins á sviði fjarskipta, að undanskilinni framkvæmd þeirra mála, sem Ríkisútvarpinu, vitamálastjórninni og skipaskoðun ríkisins er falin með sérstökum lögum.

Með lögum nr. 68/1934 um útvarpsrekstur ríkisins er sett á stofn sérstök ríkisstofnun, sem nefnist Ríkisútvarpið, með af-mörkuðu valdsviði. Undir þessa stofnun heyrir útvarpsstöð í Reykjavík og endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu, sem ríkisstjórnin lætur reisa og starfrækja skv. 1. gr. laganna.

Með lögum þessum er Ríkisútvarpinu ekki falinn annar þátt-ur af framkvæmd einkaréttar ríkisstjórnarinnar á að reka útvarp á Íslandi en starfræksla Reykjavíkurstöðvarinnar og endurvarps-stöðva vegna hennar.

Framkvæmd einkaréttar ríkisins er því í höndum póst- og símamálastjórnar í umboði þess, enda hefur verið svo í framkvæmd um þau tilvik, þar sem á þetta hefur reynt.

Póst- og símamálastjórnin gaf út á sínum tíma tæknileg leyfis-bréf til rekstrar útvarpsstöðvar og síðar sjónvarpsstöðvar Banda-ríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sem lögformlegur framkvæmdaraðili á þessu sviði. Kemur þetta m. a. fram í ræðu utanríkisráðherra á Alþingi 28. febrúar 1962 um tillögu til þings-ályktunar um afturköllun sjónvarpsleyfis o. fl.

Í flutningi máls þessa var upplýst, að leyfisbréf þessi hefðu verið gefin út að fengnu leyfi Ríkisútvarpsins og póst- og síma-málastjórnarinnar á sviði útvarpsmála. Hér er að áliti réttarins aðeins um starfsreglu að ræða, sem hefur ekki áhrif á, að póst- og símamálastjórn er formlegur handhafi einkaréttar ríkisins.

Þó svo að menntamálaráðuneytið hafi falið Ríkisútvarpinu að koma á fót íslenzku sjónvarpi og stofnuð hafi verið í því skyni sérstök sjónvarpsdeild innan Ríkisútvarpsins og fé veitt í fjár-lögum til framkvæmdanna og þótt Alþingi hafi ályktað, að eigi væri þörf á sérstakri lagasetningu vegna sjónvarpsins, þá lítur rétturinn svo á, að þessi atriði breyti ekki skýrum ákvæðum 10. gr. fjarskiptalaga um, að meðferð einkaréttar á sviði fjarskipta sé í höndum póst- og símamálastjórnarinnar, nema hún sé öðrum falin með sérstökum lögum, settum með stjórnskipulegum hætti.

Með skírskotun til þess, er áður segir um valdsvið Ríkisút-varpsins, þá telur rétturinn, að gerðarþoli hafi með uppsetningu

og starfrækslu umræddra tækja á Stóra Klifi í Vestmannaeyjum í engu raskað rétti eða hagsmunum gerðarbeiðanda, þannig að skilyrði til lögbanns skv. lögum nr. 18/1949 séu fyrir hendi.

Umbeðin lögbannsgerð skal því ekki ná fram að ganga.

Í munnlegum flutningi málsins gerði lögmaður gerðarbeiðanda kröfu til, að tiltekin ummæli um útvarpsstjóra í greinargerð Braga Björnssonar, lögmanns gerðarþola, yrðu ómerkt. Ummælin voru viðhöfð um símskeyti útvarpsstjóra til forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyja, sem rætt er um hér að framan, og eru þessi: „Þetta mun vera eitthvert furðulegasta plagg, sem embættismaður hefur sent frá sér“ og „Lýsir þetta taumlausri frekju og yfiringangi embættismanns, sem telur valdsvið sitt nærri ótakmarkað“.

Lögmaður gerðarþola andmælti því ekki, að ummælin yrðu ómerkt.

Ummæli þessi þykja óréttlætt og meiðandi fyrir útvarpsstjóra, og ber því að ómerkja þau.

Hæfilegt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 4.000.00 í málskostnað.

Jón Óskarsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurðinn.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögbannsgerð skal ekki fara fram.

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Gerðarbeiðandi, Ríkisútvarpið, greiði gerðarþola, Félagi sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum, kr. 4.000.00 í málskostnað.
